

Svar

háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um störf við stóriðju og sjókvíaeldi.

1. *Hversu margir hafa starfað við stóriðju frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum og sveitarfélagi?*

Byggt á greiningu Hagstofu Íslands úr staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum var fjöldi starfandi í ISAT-flokknum *önnur iðnaðarframleiðsla, án fiskvinnslu* á árunum 2008–2022 eftirfarandi:

Ár	Fjöldi
2008	15.039
2009	13.202
2010	12.915
2011	13.134
2012	13.303
2013	13.384
2014	13.627
2015	13.896
2016	14.295
2017	14.463
2018	14.798
2019	14.296
2020	13.304
2021	13.379
2022	13.859

Birt vinnumarkaðsgögn Hagstofunnar, sem ná aftur til ársins 2008, aðgreina ekki sérstaklega störf við stóriðju og eru ekki flokkuð eftir sveitarfélögum.

2. *Hversu margir hafa starfað við sjókvíaeldi frá árinu 2000, sundurliðað eftir árum og sveitarfélagi?*

Stjórnarmálefnið sjókvíaeldi fellur utan málefna sviða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytis samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022.